

Námsgrein: Náttúrugreinar

9. bekkur

Kennari: Berglind og Hrannar Rafn

Tíma fjöldi á viku: 1 klst.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi.

Grunnbættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Læsi	Nemendur lesa bókina <i>Hamfarir - Vísindalæsi #4</i> ásamt því að lesa, hlusta og túlka fjölbreytta texta innan greinasviðs náttúrugreina. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist umhverfislæsi; læri að skilja, túlka og meta upplýsingar úr umhverfi sínu og tengja við eigið líf og samfélag. Þannig þroskast læsi í víðum skilningi, gagnrýnin hugsun og hæfni til að taka upplýstar ákvarðanir.
Sjálfbærni	Sjálfbærni er mikilvægur þáttur í kennslu náttúrugreina þar sem hún tengist beint skilningi nemenda á náttúru og umhverfi. Í kennslunni er lögð áhersla á að nemendur læri um vistkerfi, loftslagsbreytingar, orkunýtingu, grundvallar hringrásir í náttúrunni og áhrif mannlegra athafna á jörðina. Með þessu móti stuðlar náttúrugreinakennsla að aukinni meðvitund nemenda um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og hvetur þá til aðgerða í þágu framtíðar.
Heilbrigði og velferð	Unnið er að því að auka meðvitund nemenda um tengsl mannsins og náttúru, sem og starfsemi líkamans, kynfræðslu- og kynheilbrigði, erfðir og sjúkdóma.
Lýðræði og mannréttindi	Lögð er áhersla á að nemendur séu með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	Lögð er áhersla á að nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og nálgun viðfangsefni á eigin forsendum.
Sköpun	Að hvetja nemendur til sköpunar með fjölbreyttum verkefnum sem meðal annars reyna á verklegan þátt menntunar.

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Manneskjan	Efni kennara ásamt eftirfarandi námsbókum: - Náttúrulega 2 - Náttúrulega 3	- lýst hlutverki og samspili helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkamans, - útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum. - útskýrt hvernig einkenni erfast á milli kynslóða,	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem styður við nám og hæfni nemenda á mismunandi hátt. Notast verður við samþættingu leiðsagnar- og lokamats. Námsmatið tekur mið af ólíkum námsaðferðum nemenda og felur í sér munnleg verkefni, skrifleg svör og skapandi verkefni. Markmiðið er að veita nemendum skýra
Kynfræðsla	Efni kennara ásamt eftirfarandi námsbókum: - Náttúrulega 3	- rætt kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilvægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna,	endurgjöf, efla sjálfstæði þeirra og gera þeim kleift að átta sig á eigin námi og framförum. Námsmatið er þannig hluti af kennsluferlinu og styður við hæfniviðmið aðalnámskrár.
Jörðin	Efni kennara ásamt eftirfarandi námsbókum: - Náttúrulega 3 - <i>Hamfarir - Vísindalæsi #4</i> - <i>Umhverfið - Vísindalæsi #2</i>	- útskýrt loftslag, vinda og hafstrauma jarðar, - útskýrt loftslagsbreytingar, ástæður, afleiðingar og mótvægisáðgerðir, - útskýrt hvernig land hefur myndast og mótast á jarðsögulegum tíma, - útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð,	